


Gaman-saman sumarstarf i Porpinu – júní 2016



Gaman-saman sumarnámskeið.

Fyrir börn fædd 2003 – 2006

[Skráning her](#)



Boðið verður upp á fjölbreytta og skemmtilega sumardagskrá með mikilli útiveru og skapandi starfi.

Starfið verður þematengt, ævintýravika og fjallavika. Markmiðið er að bjóða upp á skemmtilega sumarafþreyingu auk þess að efla börnin sem einstaklinga og sem hóp. Leikir, hópefli, samvinnu- og lýðræðisæfingar eru hluti af prógramminu. Börnum gefst einnig tækifæri á að fá útrás fyrir sköpunargleðina, verðum með listasmíðju o.fl. Í hverri viku verður farin ein vettvangsferð út fyrir Akranes.

Starfið er frá kl. 9.00 til 16.00. Börnin fá hádegismat og síðdegishressingu en koma með morgunnesti með sér.

Vika 1: 13. júní til 16. júní (4 dagar) – Ævintýravika.

Förum í rannsóknarleiðangra á fjörurnar í kringum Akranes, förum í ævintýratleik og margt fleira. Farið verður í hesta- og ævintýraferð á Kúludalsá – dagsferð.

Verð: 7.500 kr. Hádegismatur, síðdegishressing og hestaferð innifalin.



Vika 2: 20. júní til 24. júní (5 dagar) – Fjalla- og útivistarvika

Lærum allt um fjallamennsku og útivist, rötun, skyndihjálp á fjalli, klifur, hjólaferð og fleira. Farið verður í fjallgöngu í Esjuhliðum – dagsferð (tökum strætó)

Verð: 9.000 kr. Hádegismatur, síðdegishressing og strætóferð innifalin.

ATH: Hámark 20 börn á hverju námskeiði.

Allir geta tekið þátt!

Athygli er vakin á því að í öllu starfi Þorpsins er gert ráð fyrir margbreytileika mannlífsins og reynum við að finna lausnir og leiðir svo að hver og einn geti fengið stuðning og hvatningu við hæfi í sínu tómstundastarfi.

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, þroskaþjálfari, veitir ráðgjöf: ruth.jorgensdottir@akranes.is, sími 433-1252/433-1250.

Sumarvinir

Sumarvinir er tilboð fyrir börn fædd 2003 til 2006 sem þurfa vegna ýmissa aðstæðna á félagsskap og utanumhaldi að halda milli kl. 9.00 og 16.00 á daginn og þurfa jafnframt hvatningu og stuðningi við tómstundastarfi.

Markmið með sumarvinum er að veita börnunum tækifæri til þess að vera í góðum félagskap í sumarfríinu og gera eitthvað skemmtilegt með öðrum.

Dagskráin er ákveðin í samráði við börnin.

Hægt er að taka þátt í sumarvinum þá daga sem ekkert sumarnámskeið er í boði í Gaman-saman, þ.e. vikurnar 7. til 10. júní og 27. til 30. júní.

Það er möguleiki á að skrá sig alla daga frá 9.00 til 16.00 en einnig í styttri tíma eða á ákveðna daga.

Greitt er fyrir sumarvinastarfið eftir [gjaldskrá Gaman-saman](#) (ein eining= 2 klst= 365kr).

Hádegismatur (335kr máltíð) og síðdegishressing (109 kr hver hressing)

Hægt er að sækja um þátttöku í sumarvinastarfi hjá umsjónarmanni: ruth.jorgensdottir@akranes.is

ATH: takmarkaður þátttakendafjöldi

Þau börn hafa forgang sem þurfa mest á þjónustunni að halda. Þörf fyrir þjónustu er metin í samráði við foreldra.



